

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2005

frá 30. september 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/6/EB frá 26. janúar 2005 um breytingu á tilskipun 71/250/EBE að því er varðar skýrslugjöf og túlkun niðurstaðna greininga sem krafist er samkvæmt tilskipun 2002/32/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/7/EB frá 27. janúar 2005 um breytingu á tilskipun 2002/70/EB um kröfur við ákvörðun á magni díoxína og PCB-efna, sem líkjast díoxíni, í fóðri ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 255/2005 frá 15. febrúar 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2005 frá 2. mars 2005 um ótímabundið leyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefna sem þegar er leyft að nota í fóður ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og starfsemi tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 1zc (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/70/EB):

„, eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 16 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 41.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 45, 16.2.2005, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 57, 3.3.2005, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8.

- **32005 L 0007**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/7/EB frá 27. janúar 2005 (Stjtíð. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 41).“
- 2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zze (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004):
 - „1zzf. **32005 R 0225**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 255/2005 frá 15. febrúar 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 45, 16.2.2005, bls. 3).
 - 1zzg. **32005 R 0358**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2005 frá 2. mars 2005 um ótímabundið leyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefna sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 57, 3.3.2005, bls. 3).
 - 1zzh. **32005 R 0378**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og starfsemi tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).“
- 3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 19. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 71/250/EBE):
 - „- **32005 L 0006**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/6/EB frá 26. janúar 2005 (Stjtíð. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 33).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 255/2005, 358/2005 og 378/2005 og tilskipana 2005/6/EB og 2005/7/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.